



Umboðsmaður barna
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Dagsetning 2.3.2026
Málsnúmer FRN26010121

Efni: Svar við fyrirspurn um þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Vísað er til erindis umboðsmanns barna til félags- og húsnæðismálaráðuneytis, dags. 19. janúar 2026, varðandi þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 5/2025, fellur þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd, skv. 33. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, undir málefnasvið félags- og húsnæðismálaráðuneytis, sbr. g-lið 4. gr. fyrrnefnds forsetaúrskurðar. Í 33. gr. laga um útlendinga er kveðið á um réttindi umsækjanda um alþjóðlega vernd og að honum skuli standa til boða húsnæði, framfærsla og nauðsynleg heilbrigðisþjónusta. Jafnframt skal barn sem sækir um alþjóðlega vernd eiga þess kost að stunda skyldunám í grunnskóla eða sambærilegt nám innan hins almenna skólakerfis eða á dvalarstað þess eins fljótt og unnt er.

Í þeim þjónustusamningum sem vísað er til í erindi umboðsmanns milli Vinnumálastofnunar og þriggja sveitarfélaga (Hafnarfjarðarbæjar, Reykjavíkur og Reykjanesbæjar) var samið um að sveitarfélögin myndu veita tilteknum hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd lögbundna þjónustu, sbr. fyrrnefnda 33. gr. laga um útlendinga. Markmið samninganna var að tryggja fullnægjandi lágmarksþjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan mál þeirra væru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Í samningunum var þannig sérstaklega kveðið á um rétt barna á grunnskólaaldri til skólaþjónustu enda er hún lögbundin. Í 33. gr. laga um útlendinga er ekki kveðið á um að börnum í hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd skuli standa til boða að sækja leikskóla, frístundaheimili eða tómstundir og var því ekki samið um slík úrræði í samningum Vinnumálastofnunar við sveitarfélögin.

Eftir að umræddum samningum var sagt upp hefur Vinnumálastofnun séð til þess að allir umsækjendur um alþjóðlega vernd fái samræmda þjónustu í samræmi við fyrrnefnda 33. gr. laga um útlendinga, einnig þeir sem áður fengu þjónustu hjá fyrrnefndum sveitarfélögum á grundvelli umræddra samninga. Í því sambandi má nefna að Vinnumálastofnun sækir um pláss í grunnskólum fyrir börn í hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd sem eru á skólaskyldualdri og greiðir tiltekið gjald til sveitarfélaganna vegna skólagöngu þeirra. Hér á landi er ekki lögbundið að börnum skuli standa til boða leikskóladvöl en Vinnumálastofnun hefur þó, í samstarfi við sveitarfélögin, reynt að koma börnum í sérstökum aðstæðum að á leikskóla, svo sem þegar barn hefur fengið þungar greiningar eða þegar um er að ræða sérstaklega þungar fjölskylduaðstæður.

Stofnunin vinnur enn fremur markvisst að því að rjúfa einangrun fjölskyldna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og reynir eftir bestu getu að tryggja börnum á leikskólaaldri og fjölskyldum þeirra eins mikla virkni og unnt er innan þeirra heimilda sem stofnunin hefur. Gerðir hafa verið samningar við opna leikskólann Memm play sem starfrækir virknistarf fyrir börn á leikskólaaldri í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og í Reykjanesbæ. Börnum á leikskólaaldri í hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd standur til boða að mæta með foreldrum sínum í fyrirnefndan leikskóla tvisvar til fjórum sinnum í viku og hefur úrræðið reynst vel að mati Vinnumálastofnunar.

Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara fyrirspurninni.

Fyrir hönd ráðherra,


Bjarnheiður Gautadóttir


Hildur Margrét Hjaltsted